

EFTIRLITSSKÝRSLA

Sorpurðunarstaður Breiðdalshrepps Heydamelum



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	8.6.2017	Ábyrgðarmaður eftirlits	Steinunn Karlsdóttir
Fyrirtæki	Sorpurðunarstaður Breiðdalshrepps	Eftirlitsmaður	Hákon Hansson
Heimili	Selnesi 25	Tegund eftirlits	Framselt eftirlit
Kennitala	4801690779	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Hermann Arnþórsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Rekstur urðunarstaðarins er óbreyttur frá því sem verið hefur. Umgengni um urðunarsvæðið er góð. Í fyrra (2016) voru skráð tvö frávik, en bætt hefur verið úr báðum. Útbúinn hefur verið brunnur fyrir sýnatökur skv. lið 3.2 í starfsleyfi. Sýni voru tekin við eftirlit og fylgja niðurstöður með drögum að eftirlitsskýrslu. Engar athugasemdir eru gerðar í kjölfar eftirlitsins.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Heilbrigðiseftirliti Austurlands samkvæmt samningi þar um milli Umhverfisstofnunar og HAUST. Eftirlitsmaður var Hákon Hansson.

Farið var í eftirlitsferð 8. júní 2017.

Eftirlit var framkvæmt í samræmi við reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit, með breytingum og í samræmi við ákvæði starfsleyfis.

Gengið var um urðunarsvæðið og næsta nágrenni, einkum sunnan og austan við urðunarstaðinn. Eftirlit utan girðingar var til að meta fok frá svæðinu.

Urðunarsvæðið er snyrtilegt og úrgangur er settur í gryfjur með þéttu loki, gryfjum er lokað með jarðvegi þegar u.þ.b. einn og hálfur metri er niður á sorpið í gryfjunni. Lítið sem engin ummerki eru um fok í nágrenni urðunarstaðarins. Fundað var með Hermanninum verkstjóra í áhaldahúsi Breiðdalshrepps að eftirliti loknu, en hann annast umsjón urðunarstaðarins. M.a. rætt um framkvæmd urðunar og farið yfir verklag við skráningar.

Þá var rætt um mengunarmælingar. Útbúin hefur verið góð aðstaða með brunni til mælinga á affallsvatni frá urðunarstaðnum. Grafin var djúp hola niður á grunnvatn við suðurenda urðunarstaðar, þar sem hallar frá honum. Í niðurstöðu úr sýni vekur athygli, að blý er yfir viðmiðunarmörkum. Urðunarsvæðið er girt að fullu, en þegar eftirlit fór fram var hlið opið. Gerð athugasemd við það. Ábyrgðartrygging skv. lið 4.5 í starfsleyfi yfirfarin og staðfest. Teknar voru myndir þegar eftirlit fór fram.

Frávik frá

Sbr. lið B í fylgiskjali með reglugerð 769/1999

Lýsing á frávikum

Í niðurstöðu mælinga frá 6. september 2017 mældist blý í grunnvatni 60,7 µg/l. Í lið B í fylgiskjali með reglugerð 769/1999 eru umhverfismörk fyrir málma í yfirborðsvatni og kemur fram að gildi fyrir blý yfir 15 µg/l séu ávallt ófullnægjandi ástand vatns fyrir lífríki. Blý í grunnvatni á urðunarstað á Heydamelum er því yfir umhverfismörkum.

ANNÆÐ

Starfsleyfi urðunarstaðarins var gefið út 12. júlí 2006 og gildir til 1.7. 2018.

08.12.2017

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Steinunn Karlsdóttir

Steinunn Karlsdóttir